

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 15. maí 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-89/2012:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 8.nóvember sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi endurgreiði sér útlagðan viðgerðarkostnað, auk þess sem hann kosti ýmsar frekari viðgerðir á bifreiðinni.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 13. nóvember sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bærust þau hinn 26. nóvember. Með bréfi, dags. 29. nóvember sl., var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bærust þær sama dag. Með bréfi, dags. 3. desember, var seljanda gefinn kostur á að koma að frekari athugasemdum og frest til þess til 17. desember. Engin frekari gögn bærust nefndinni.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að álitsbeiðandi keypti bifreið af seljanda hinn 14. september 2012. Var bifreiðin af gerðinni VW Passat Tdi 4x4, árgerð 2006, fyrst skráð hinn 2. mars 2006. Kaupverð var kr. 1.690.000 og var bifreiðin ekin 215.000 km þegar kaupin fóru fram.

Segir álitsbeiðandi að í fyrsta lagi hafi sölulýsing bifreiðarinnar ekki staðist. Í henni hafi komið fram að bifreiðin væri á álfelgum og heilsársdekkjum en raunin hafi verið að bifreiðin var á stálfelgum, með hjólkoppum og ónýtum sumardekkjum. Kveðst álitsbeiðandi hafa hent dekkjum og í þeirra stað keypt ný vetrardekk. Við dekkjaskiptin hafi komið í ljós að bifreiðin var mjög hjólaskökk og hafði því slitið dekkjum misjafnlega. Þá hafi bifreiðin verið með logandi „airbag“ ljós í mælaborði þegar kaupin fóru fram og hafi seljandi lofað að greiða fyrir viðgerð til að lagfæra það.

Kaupin hafi farið fram á laugardegi, en á miðvikudegi hafi þurft að draga bifreiðina þar sem hráolíudæla bilaði. Á verkstæði því sem framkvæmdi viðgerðina á dællunni var álitsbeiðanda tjáð að bilunina mætti rekja til þess að fyrri eigandi hefði ekki skipt um hráolíusíu. Ný dæla kosti yfir kr. 100.000. Daginn sem átti að draga bifreiðina á verkstæði hafi hún setið rafmagnslaus og föst í handbremsu hægra megin. Engu að síður hafi viðgerðaraðilanum tekist að laga „airbag“ ljósið, en í ljós hafi komið að rafgeymir og handbremsumótor voru ónýtir. Að þessu loknu kveðst álitsbeiðandi hafa farið á verkstæði Z. Þar hafi honum verið tjáð að allur kostnaður vegna viðgerða á bifreiðinni svo skömmu eftir kaup, ætti að greiðast af seljanda, enda hefðu öll þessi atriði komið í ljós innan við viku frá kaupum.

Álitsbeiðandi kveðst hafa verið í sambandi við bifreiðasölu þá er hafði milligöngu um kaupin í þeim tilgangi að koma því á framfæri við seljanda að þær viðgerðir sem fram hefðu farið á bifreiðinni, og þær viðgerðir sem aðrar sem nauðsynlegt væri að framkvæma á henni, eigi að vera á kostnað seljanda. Segist álitsbeiðandi ekki hafa fengið skýr svör frá seljanda, en hann hafi m.a. sagst ekki hafa efni á að koma að viðgerðarkostnaði.

Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi þess að seljandi greiði sér útlagðan kostnað vegna viðgerða á bifreiðinni, þ.e. kr. 118.170, skv. reikningi dags. 19. september sl., fyrir viðgerð á hráólúdælu. Þá krefst álitsbeiðandi þess að seljandi greiði fyrir frekari viðgerðir á bifreiðinni, þ.e. vegna handbremsumótors, hjólastillingar og vegna kaupa á nýjum rafgeymi. Segir álitsbeiðandi að nýr rafgeymir kosti um kr. 30.000, handbremsumótor um kr. 60-70.000 með vinnu og hjólastilling kosti líklega um kr. 20.000.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er áður nefndur reikningur vegna viðgerðar á hráólúdælu, kaupsamningur og afsal, dags. 14. september sl. og kostnaðaráætlun vegna skipta á handbremsumótor, dags. 25. september sl.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum, sem rituð eru af starfsmanni bifreiðasölu þeirrar er hafði milligöngu um kaupin, en f.h. seljanda, er rakið að álitsbeiðandi hafi fengið bifvélavirkja til þess að skoða bifreiðina fyrir sig fyrir kaupin. Telur seljandi að bifvélavirkinn hafi borið ríkari skoðunarskyldu en álitsbeiðandi sjálfur. „Airbag“ ljós í mælaborði bifreiðarinnar hafi vissulega logað og hafi alltaf legið fyrir að seljandi ætlaði að greiða fyrir viðgerð vegna þess.

Segir seljandi að erfitt sé að bera ábyrgð á bifreið sem ekin er 216.000 km, enda geri bilanir í mikið eknum bifreiðum ekki boð á undan sér. Hvað varðar dekk bifreiðarinnar, vísar seljandi til skoðunarskyldu kaupanda. Þá hafnar seljandi því að hann hafi ekki hlustað á kvartanir seljanda og ekki nennt að sinna málinu. Þá tekur álitsbeiðandi fram að sú bifreið sem álitsbeiðandi setti uppí kaupverð bifreiðarinnar sé enn óseld. Telur seljandi að verði honum gert að bera ábyrgð á bilunum í hinni seldu bifreið, verði álitsbeiðandi einnig að bera ábyrgð á þeim bilunum sem kunni að koma upp í uppítökubifreiðinni, en hún sé einnig ekin yfir 200.000 km og af sömu tegund.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda kemur fram að hann telji sjálfsagt að hann taki þátt í þeim kostnaði sem kann að leiða af bilunum á uppítökubifreiðinni, verði þær raktar til vanrækslu af sinni hálfu. Þá tekur álitsbeiðandi fram að hann hafi ekki beðið um að fá dekkinn bætt. Þá hafi hann ekki tekið fram að hann hafi þurft að skipta um allar olíur á bifreiðinni, það hafi kostað hann um kr. 40.000 og hann hafi engar kröfur gert á hendur seljanda vegna þess.

VI

Niðurstaða kærunevndarinnar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunevndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000 fyrir kr. 1.690.000. Bifreiðin er ágerð 2006 og fyrsti skráningardagur hennar 3. mars 2006.

Bifreiðin var því rúmlega 6 ára og 6 mánaða á kaupdegi og hafði verið ekið 215.000 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags. 14 september sl., segir m.a. eftirfarandi:

„Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi staðfestir að bifreiðasali hefur vakið athygli hans á þeim rétti sínum að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Einnig er bent á skoðunarskyldu kaupanda.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

- „b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin
- c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir enn fremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að fátt bendi til þess að bifreiðin svari ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr., utan þess sem að framan var rakið er um hjólbarða og felgur bifreiðarinnar, en þar sem álitsbeiðandi gerir engar kröfur þar að lútandi, verður ekki fjallað frekar um hvort bifreiðin geti talist haldin galla á þeim grundvelli. Telur nefndin jafnframt vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr. laganna.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið mun verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna. Í málinu liggur fyrir að innan við viku frá því kaup fóru fram, þurfti álitsbeiðandi að láta gera við hráolíudælu bifreiðarinnar auk þess sem í ljós kom að rafgeymir bifreiðarinnar var ónýtur og skipta þarf um handbremsumótor.

Í kaupsamningi og afsali kemur fram að álitsbeiðandi staðfesti að seljandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins en álitsbeiðandi mun hafa látið bifvélavirkja skoða bifreiðina fyrir sína hönd fyrir kaupin. Hins vegar liggja engar haldbærar upplýsingar fyrir um það hvort verð á bifreiðinni hafi á þeim tíma er kaupin fóru fram verið svipað og viðmiðunarverð á sambærilegum bifreiðum enda má segja að verð á bifreiðum á þessum aldri geti verið mjög mismunandi og farið m.a. eftir því hvernig bifreiðin lítur út og hvernig virðist hafa verið farið með hana.

Kærufndin telur, að þrátt fyrir að bifreiðin hafi verið skoðuð af bifvélavirkja á vegum álitsbeiðanda, teljist afar ólíklegt að þeir gallar sem álitsbeiðandi telur bifreiðina vera haldna, hefðu komið fram við slíka skoðun, né sé líklegt að þeir hefðu komið fram við söluskoðun óháðs aðila, ef frá er talið ástand rafgeymis og hjólastillingar, sem hefði átt að geta komið fram við slíka skoðun.

Þegar litið er til þess að aðeins liðu nokkrir dagar frá kaupunum og þar til gallarnir komu fram, telur kærufndin það hafið yfir skynsamlegan vafa að umræddir gallar hafi verið til staðar þegar kaupsamningur var gerður hinn 17. ágúst sl. Ekki verður hins vegar álitid að seljandi hafi verið grandsamur um þessi atriði enda afar erfitt að meta hvert ástand hráólúdælu og handbremsumótors er með einföldum hætti. Álitur kærufndin því að bifreiðin sé haldin galla í skilningi a-liðar 1. mgr. 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 segir að reynist söluhlutur gallaður og galinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða getur neytandi samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.

Telur kærufndin að líta verði á kröfu álitsbeiðanda sem afsláttarkröfu, en um afslátt fer skv. ákvæðum 26. gr. og 31. gr. laganna. Sá afsláttur þykir hæfilega metinn kr. 120.000 og er þá litið til þess að bifreiðin var rúmlega 6 ára gömul við kaupin og ekin rúmlega 215.000 km. og því mátti álitsbeiðandi búast við því að fyrr eða síðar kæmi til kostnaðarsamra viðgerða og viðhalds á bifreiðinni, auk þess sem nýtt kemur í stað gamals.

VII

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda X, kr. 120.000.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir